

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 384/2005 frá 7. mars 2005 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar, sem ná yfir tímabilið 2007 til 2009, fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um umskiptin frá vinnu til starfsloka fyrir árið 2006 sem kveðið er á um reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 246/2003 ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18af (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004):

„18ag. **32005 R 0384**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 384/2005 frá 7. mars 2005 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar, sem ná yfir tímabilið 2007 til 2009, fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.

- 18ah. **32005 R 0388**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um umskiptin frá vinnu til

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7.

starfsloka fyrir árið 2006 sem kveðið er á um reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 246/2003 (Stjtíð. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 18ad (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 246/2003):

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 0388**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 384/2005 og 388/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.